

ÍÞRG1SL03

Búið til: Mon, 11 Dec 2023 14:37:55 GMT

Titill

Sirkuslistir

Skammstöfun

ÍÞRG1SL03

Útgáfunúmer

22

Námsgrein

Íþróttagrein

Viðfangsefni

Sirkuslistir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Markmið áfangans er að kynna þátttakendum heim sirkuslistanna, hvernig hann tengist og er samþættur öðrum listgreinum og kenna undirstöðuatriði grunnsirkusgreina. Nemendur fá þjálfun í atriðasmíði og sviðsframkomu og taka virkan þátt í uppsetningu og skipulagningu sirkussýningar sem lokaverkefni í áfanganum. Áhersla í tæknikennslu verður lögð á sirkusfímleika, jafnvægislistir, loftfímleika, djöggli með mismunandi áhöldum, húllahopp og trúðaleik.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eðli sirkuslista, samhengis þeirra og tengslum við aðrar sviðslistir og íþróttir
- helstu undirstöðuatriðum sirkusfímleika, jafnvægislista, loftfímleika, djöggls, húllahopp og trúðaleiks
- mikilvægi og framkvæmd markmiðasetningar og nauðsyn þess að þjálfun sé markviss og skipulögð til að ná árangri
- mikilvægi réttar líkamsbeitingar til þess að forðast meiðsli
- helstu þáttum atriðasmíði og sviðsframkomu
- mikilvægi öryggis við æfingar og ástundun sirkuslista

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma helstu undirstöðuatriði í sirkusfímleikum, jafnvægislistum, loftfímleikum, djöggli, húllahoppi og trúðaleik
- smíða stutt atriði ein eða í litlum hóp
- framkvæma og kenna grunntækni sirkusfímleika, jafnvægislista, djöggls, og húllahopp
- nýta sér stuðningsefni sem er að finna á internetinu
- vinna saman með öryggi og umhyggju að leiðarljósi
- læra að þekkja veikleika sína og styrkleika í mismunandi greinum sirkuslista

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja og framkvæma sýningu í samvinnu með hóp þar sem tekið er tillit til styrkleika allra í hópnum
- stunda sirkuslistir sér til ánægju og heilsubótar á öruggan hátt
- smíða og framkvæma stutt atriði
- kenna áhugasömum tæknilegan grunn þeirra sirkuslista sem hann hefur lært á öruggan og skilmerkilegan máta

Námsmat

Í áfanganum er símat.

Skólar

Fyrirmynd